

**FRÁSÖGN**

*af 51. fundi þingmannanefndar EES í Strassborg 12.-13. desember 2018*

Fundur þingmannanefndar EES var haldinn í Evrópuþinginu í Strassborg. Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefnda EFTA og EES sóttu fundinn Smári McCarthy, formaður, og Andrés Ingi Jónsson, auk Stígs Stefánssonar ritara. Helstu dagskrármál fundarins voru staða EES-samstarfsins, væntanleg útganga Bretlands úr ESB (Brexit), neytendamál og vinnumarkaðsmál.

Á fundinum var fulltrúum stofnana ESB og EFTA að venju boðið að hafa framsögur í umræðum um þróun og framkvæmd EES-samningsins. Til máls tóku Philip Bittner fyrir hönd formennsku ESB í EES-ráðinu, Claude Maerten fyrir hönd ESB í sameiginlegu EES-nefndinni og Andri Lúthersson fyrir hönd formennsku EFTA í EES-ráðinu og sameiginlegu EES-nefndinni. Í umfjöllun þeirra og umræðunni sem á eftir fylgdi var m.a. fjallað um áskoranir EES-samstarfsins. Fjölgun stofnana ESB með reglugerðar- og eftirlitsvald hefur þrengt að hinu svokallaða tveggja stoða kerfi EES-samningsins þótt hingað til hafi tekist að aðlaga þær tveggja stoða kerfinu með því að breikka verkefnasvið Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA. Þá var farið yfir svokallaðan upptökuhalla sem mælir fjölda ESB-gerða sem bíða upptöku í EES-samninginn en um helmingur þeirra er á sviði fjármálamarkaða. Búist er við að um 150 gerðir á því sviði verði teknar upp í EES-samninginn á fyrri helmingi ársins 2019 sem minnkar upptökuhallann umtalsvert. Mikilvægi þess að upptaka gerða í EES-samninginn gangi snurðulaust fyrir sig felst í því að tryggja lagalegt samræmi á innri markaðnum sem er ein forsenda virkni hans.

Í umfjöllun fundarins um Brexit fór Andri Lúthersson, aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA, yfir Brexit-undirbúning EES/EFTA-ríkjanna sem hafa haft náið samráð bæði við ESB og Bretland þótt þau komi ekki að samningaborði þessara aðila. Farið var yfir samkomulag um óbreytt tengsl við Bretland á svokölluðu bráðabirgðatímabili frá 29. mars 2019 til 31. desember 2020, þ.e. ef útgöngusamningur Bretlands og ESB verður fullgiltur. Um 10% af útflutningi EFTA-ríkjanna fara til Bretlands svo ríkir hagsmunir eru í húfi. EFTA-ríkin og Bretland hafa unnið hörðum höndum að því að spegla samkomulag úr útgöngusamningi ESB og Bretlands um borgararéttindi. Breski Evrópuþingmaðurinn Catherine Stihler fór yfir nýfallinn úrskurð Evrópudómstólsins um að Bretland gæti einhliða afturkallað virkjun 50. gr. Lissabon-sáttmálans og stöðvað útgönguferlið án þess að slíkt kallaði á samþykki hinna 27 aðildarríkjanna. Þá sagði Stihler engan meiri hluta í breska þinginu fyrir fyrirbyggjandi útgöngusamningi og þar sem rúmir 100 dagar væru í útgönguna 29. mars 2019 hefði hún miklar áhyggjur af stöðu 3,5 milljóna ESB-borgara sem búa í Bretlandi og 1,5 milljóna Breta sem búa á meginlandi Evrópu. Loks kom fram að EFTA-ríkin ynnu að varúðarráðstöfunum og áætlunum til að bregðast við hugsanlegri útgöngu Bretlands úr ESB án samnings.

Á fundinum var fjallað um neytendamál en framkvæmdastjórn ESB lagði fram margvíslegar tillögur á því sviði í apríl 2018 undir heitinu Nýr samningur fyrir neytendur (e. New Deal for Consumers). Evrópuþingmaðurinn Daniel Dalton, framsögumaður nefndar Evrópuþingsins um innri markaðinn og neytendavernd í málinu, gerði grein fyrir tillögunum. Þær snúa að réttindum neytenda og kveða m.a. á um betri framfylgni og harðari viðurlög við broti á reglum um neytendavernd. Viðurlög skulu jafnframt samræmd svo að þau séu ekki vægari í sumum aðildarríkjum en öðrum. Þá snúa tillögunar að því að uppfæra neytendavernd í samræmi við tækniþróun og aukna notkun stafrænna miðla til viðskipta. Ákvæði

neytendaverndar taka einnig til stafrænnar þjónustu sem er veitt án greiðslu, annarrar en persónuupplýsinga neytenda.

Loks var fjallað um vinnumarkaðsmál og tillögu framkvæmdastjórnar ESB að evrópskri vinnuálastofnun (e. European Labour Authority) og flutti Evrópuþingmaðurinn Georgi Pirinski úr vinnumarkaðs- og félagsmálanefnd þingsins framsögu. Staðan á evrópskum vinnumarkaði er nú sú að 17 milljónir manna búa eða starfa í öðru aðildarríki ESB en heimalandi sínu. Þá starfa 2,3 milljónir tímabundið í öðru ríki en heimalandi sínu og 1,4 milljónir ferðast daglega yfir landamæri til vinnu sinnar. Loks fara 2 milljónir starfsmanna við samgöngur og flutninga daglega yfir landamæri innan ESB. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að hlutverk hinnar nýju stofnunar verði m.a. að tryggja starfsmönnum og atvinnurekendum aðgang að upplýsingum um réttindi sín og skyldur, styðja samstarf einstakra aðildarríkja um að framfylgja reglum ESB þvert á landamæri, miðla málum á milli aðildarríkja ef deilumál koma upp á sviði vinnumarkaðsmála yfir landamæri og aðstoða við lausn á átökum á vinnumarkaði, t.d. þegar endurskipulagning stórfyrirtækja hafa áhrif á nokkur aðildarríki samtímis.

Í umfjöllun í lok fundar um framtíðarstarf þingmannanefndar EES var m.a. rætt um þá hugmynd að fundir fari eftirleiðis fram í Evrópuþinginu til þess að tryggja góða þátttöku Evrópuþingmanna og aðgang að þingmönnum í fastanefndum Evrópuþingsins. Þá var ákveðið að fjalla um Brexit, samskipti Sviss og ESB, komandi kosningar til Evrópuþingsins og viðbrögð Evrópuþingsins og þjóðþinga EFTA-ríkjanna við #metoo-hreyfingunni á næsta fundi nefndarinnar sem ráðgerður er í Evrópuþinginu í Strassborg 13. mars næstkomandi.